



Joe & the Juice víkur fyrir South Center

Ný ferðapjónustumiðstöð, South Center, verður opnuð í miðbænum á Selfossi í haust. Þar verða seldar ferðir um Suðurland, auk almennrar upplýsingaþjónustu við ferðamenn en sérstök áhersla verður á nýsköpun og þróun ferðamöguleika frá Selfossi.

South Center verður til húsa að Austurvegi 2a, en veitingastaðurinn Joe & the Juice hverfur á braut, í tengslum við endurskipulagningu þess fyrirtækis. Birgir Bieltvedt, eigandi Joe & the Juice á Íslandi, segir að eftir að félagið dró sig út úr nýlegu útboðsferli á veitingastarfsemi í Leifsstöð, þar sem félagið hafði starfrækt nokkra staði um árabil, hafi verið ákveðið að leggja áherslu á veitingastaði þess á höfuðborgarsvæðinu. Birgir

segist kveðja Selfoss með trega, að minnsta kosti í bili.

South Center er samstarfsverkefni nokkurra ferðapjónustufyrirtækja á Selfossi og Davíðs Lúthers Sigurðarsonar, sem verður stjórnarformaður South Center. Davíð Lúther, sem er búsettur á Selfossi, var meðal annars stofnandi og framkvæmdastjóri stafrænu auglýsingastofunnar Sahara áður en hann hóf undirbúning South Center.

„Það er virkilega spennandi að taka þátt í uppbyggingunni hér á Selfossi með þeim kröftuga hópi sem stendur að miðbænum nýja,“ segir Davíð Lúther. „Hugmyndin er að byggja Selfoss upp sem miðstöð í ferðapjónustu fyrir Suðurland með góðu framboði ferða og afþreyingar og öflugum markaðsstarfi.“

Katrín Björk Eyjólfsdóttir hefur verið ráðin framkvæmdastjóri South Center en hennar bakgrunnur kemur helst úr verslunarrekstri bæði í Noregi og á Íslandi, en hún starfaði meðal annars hjá IKEA og The Pier. Katrín er nýlega flutt á Selfoss.

„Framundan er mikil, en skemmtileg vinna við að setja upp South Center í þessu fallega húsnæði, ásamt því að hitta alla framtíðar samstarfsaðila á svæðinu. Ég hvet líka alla þá sem áhuga hafa á að koma sínum gististað, ferðapjónustu eða öðru skemmtilegu á framfæri að hafa samband við mig. Það má einnig nefna að þessa dagana erum við að auglýsa eftir starfsfólki inni á Alfreð og hvet ég áhugafólk um ferðapjónustu sækja um,“ segir Katrín.



Glódís og Salka heimsmeistarar í fimmgangi

Glódís Rún Sigurðardóttir, Hestamannafélaginu Sleipni, og Salka frá Efri-Brú eru Heimsmeistarar í fimmgangi í ungmennaflokki eftir glæsilegan árangur á Heimsmeistaramóti í hestaþróttum sem haldið var í Hollandi í ágúst sl. Þær hlutu 7,21 í einkunn og voru langefstar.

„Glódís var sigursælasti knapi félagsins á heimsmeistaramóti. Sleipnir á tvo knapa í A-landsliðshópi Haraldsdóttur og Sigurstein

Sumarliðason auk tveggja knapa í A-landsliðshópi ungmenna, Glódísi Rún Sigurðardóttur og Védísi Huld Sigurðardóttur. Einungis Glódís var valin af Heklu Katarínu Kristinsdóttur þjálfara U21 til að fara á heimsmeistaramótið að þessu sinni. Að baki þeim árangri að vinna til gullverðlauna á heimsmeistaramóti liggur gríðarleg vinna, þjálfun og undirbúningur,“ segir Sigríður Magnea Björgvinsdóttir, formaður Sleipnis.



Upprisa íslensku torfærunnar



Arnar tekur upp hljómplötu í Hollywood

Fáðu fagmann í verkið



PÍPULAGNIR SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656



FRAMÚRSKARANDI ÞJÓNUSTA

VIÐ TOYOTA EIGENDUR Á SUÐURLANDI



TOYOTA SELFOSSI
Fossnesi 14, Selfossi,
Sími: 480 8000, toyotaselfossi.is



Viltu vekja athygli á Suðurlandi?

Sími 482 1944 - auglysingar@dfs.is
dfs@dfs.is - www.dfs.is



HARPA
ÚTFARARSTOFA

Kirkjulundur 19

Garðabær

harpa@harpautfor.is

harpautfor.is



Harpa Heimisdóttir
842 0204



Brynja Gunnarsdóttir
821 2045



Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu
Heimsendingar - Vörudreifing - Búsíðoflutningar - Ruslaferðir
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keyrsla@keyrsla.is - www.keyrsla.is - f /keyrsla.is



Skóðuðu vöruúrvalið á
www.bilanaust.is



GÆÐAOLÍUR OG GLUSSI

Bilanaust Hrísmýri 7,
800 Selfossi
S. 484 4200

Opið
Mán - fös 8 - 18
Lau 10 - 14



Öflugt vetrarstarf Félags eldri borgara á Selfossi að hefjast

Þegar liður að seinni hluta septembermánaðar kemst hreyfing á öflugar nefndir, stjórnir og námskeiðshaldara sem hefja undirbúning að öflugu vetrarstarfi FebSel. Það er stór hópur öflugara einstaklinga sem kemur að vetrarstarfinu ár hvert og verður þeim seint full þökkúð sú vinna.

Kynningarfundur vetrarstarfsins verður fimmtudaginn 21. september og hefst hann á léttum kaffiveitingum kl. 14.45 í boði stjórnarinnar. Þegar allir hafa notið veitinganna hefjast kynningar á starfi vetrarins eins og það liggur fyrir. Og af mörgu er að taka að venju.

Myndlist, leiklist, sönglist, tálga, spila, lesa öndvegisbókmenntir, bæði nýjar og fornar.

Leikhúsfærðir, gönguferðir, bæði lengri og skemmri. Hreyfifimi af öllum gerðum og styrkleikum og jóga til slökunar. Boccia, snóker og pútt.

Unnið með liti, leir, pappír, postulín. Unnin handavinna af öllum stærðum og gerðum. Hitta fólki, drekka kaffi, njóta samskipta, efla færni og njóta.

Skráningarlistar munu liggja frammi í Grænumörkinni eða tilkynnt um annað skráningarform.

Öflug opín hús verða á fimmtudögum og munum við þar vera með fræðandi fyrirlestra, skemmtileg innslög, söng og alls kyns uppákomur. Kvenfélagið mun sjá um veitingarnar í vetur eins og þær gerðu sl. vetur og slógu þær í gegn.

Árshátið FebSel verður 9.



Stjórn Félags eldri borgara á Selfossi. Aftari röð frá vinstri: Guðrún Þórunna Jónsdóttir, Guðrún Guðnadóttir og Ólafía Ingólfsdóttir. Fremri röð frá vinstri Valdimar Bragason, Magnús J. Magnússon, Ólafur Bachmann og Ólafur Sigurðsson. Ljósmynd: Aðsend.

nóvember í Hótel Selfoss, með öflugri skemmtidagskrá og léttum snúningum.

Aðventuhátið verður 7. desember með hátiðlegum söng og nærveru og ljúfum veitingum.

Við vekjum athygli á því að þetta öfluga starf sem við erum með í félagsmiðstöð okkar í Grænumörkinni og viðar er fyrir alla eldri borgara í Árborg.

Skrifstofa félagsins er opin á fimmtudögum frá 13.00 – 14.30 og er á efri hæðinni í Grænumörk. Heimasíðan er í endurnýjunarferli en allar upplýsingar koma fram á fésbókarsíðu okkar; Félag eldri borgara á Selfossi.

Það er öflugt starf framundan og allir velkomnir. Ef

einhver hefur áhuga á að brydda upp á nýjum námskeiðum eða með hugmyndir af einhverju skemmtilegu þá endilega hafa samband við stjórnina.

Við hvetjum alla eldri borgara að skrá sig í Félag eldri borgara á Selfossi í gegnum netfangið febsel@febsel.is eða koma við á skrifstofu félagsins á opnunartíma.

Takið þátt í öflugu starfi eldri borgara á Selfossi og njótið ykkar í öflugum félagskap!

Kveðja,
Magnús J. Magnússon,
formaður Félags eldri borgara á Selfossi

Opnað fyrir umsóknir úr Uppbyggingasjóði Suðurlands

Opnað hefur verið fyrir umsóknir í haustúthlutun Uppbyggingarsjóðs Suðurlands 2023. Sjóðurinn hefur það hlutverk að veita verkefnastyrki á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar og menningar á Suðurlandi. Í flokki atvinnuþróunar og nýsköpunar eru það atvinnuskapandi og/eða framleiðniaukandi verkefni sem eiga kost á stuðningi ásamt nýsköpunarverkefnum sem efla fjölbreytileika atvinnulífs. Í flokki menningar er markmið að verkefni efla menningarstarfsemi og listsköpun á Suðurlandi.

Uppbyggingarsjóður Suðurlands byggir á Sónarætlun Suðurlands 2020-2024. Umsækjendum er því bent á að kynna sér vel úthlutunarreglur

sjóðsins, áherslur, markmið og mat á umsóknum. Sjóðurinn er samkeppnissjóður sem þýðir að vel mótuð verkefni, skýrar og góðar umsóknir, eru líklegri til að hljóta styrki.

Umsóknir fyrir verkefni í sjóðinn geta uppfyllt eina eða fleiri áherslur sjóðsins en skilyrði er að öll verkefni uppfylli að lágmarki markmið sjóðsins í þeim flokki sem það tilheyrir, menningu eða atvinnu- og nýsköpun. Byggaþróunarfulltrúar SASS eru staðsettir víða á Suðurlandi og aðstoða við mótun verkefna og veita ráðgjöf. Við bendum einnig á ráðgjafasíðu SASS, þar sem er að finna upplýsingar og leiðbeiningar um umsóknarskrif.

Allar umsóknir þurfa að

berast rafrænt í gegnum umsóknarvef sjóðsins. Umsækjandi þarf að skrá sig inn á umsóknarformið með íslykli eða með rafrænum skilríkjum og þarf að hafa lögheimili á Suðurlandi. Ef sótt er um í nafni lögaðila s.s. fyrirtækis, stofnunar eða félagasamtaka þarf viðkomandi lögaðili að skrá sig inn með íslykli eða rafrænum skilríkjum þess lögaðila en ekki einka aðgangi verkefnastjóra. Athugið að ekki er hægt að breyta kennitölu og nafni umsækjanda eftir að umsókn hefur verið stofnuð.

Kynningarfundur um sjóðinn var haldinn á Teams þriðudaginn 12. september kl. 12:15.

Umsóknir skulu berast fyrir kl. 16.00 þann 3. október 2023.



SASS
SAMTÖK
SUNNLENSKRA
SVEITARFÉLAGA



SÓKNARÁÆTLUN
SUÐURLANDS

1, 2, SELFLOSS



Við erum loksins mætt á Selfoss!

Würth á Íslandi ehf hefur opnað nýja verslun að Eyravegi 38 á Selfossi (þar sem Flugger var áður til húsa). Við bjóðum ykkur velkomin til okkar að kíkja á glæsileg opnunartilboð sem og breitt vöruúrval okkar á verkfærum, efnavöru, vinnufatnaði, rafmagnsvörum, slípivörum, festingum og fleira.

Würth á Íslandi var stofnað árið 1988 og hefur nú þjónustað viðskiptavinum sínum í 35 ár. Würth samsteypan samanstendur af 413 fyrirtækjum í 84 löndum með ríflega 77 þúsund starfsmenn. Würth á Íslandi ehf. einbeitti sér fyrst að þjónustu við bifreiðaverkstæði, en síðan við tré og málmíðnaðinn ásamt þjónustu við almennan iðnað.

Við erum með sölumenn staðsetta um allt land og rekum 5 verslanir sem staðsettar eru í Reykjavík, Hafnarfirði, Akureyri og nú á Selfossi.



Festingar - Efnavara - Verkfæri - Vinnufatnaður - Persónuhlífar
Rafmagnsvörur - Slípivörur - Rafmagns og loftverkfæri - Verkfæravagnar



Haustsýning - 70 sögur á safni

70 sögur á safni er titill haustsýningar Byggðasafns Árnesinga sem verður opnuð föstudaginn 15. september kl. 18 í Húsinu á Eyrarbakka. Á sýningunni er lögð áhersla á að draga fram forvitnilega hluti með persónulega tengingu úr daglegu lífi fólks á 19. og 20. öld. Margir einstakir gripir eru á sýningunni líkt og þjóðbúningur sem Þórdís Símonardóttir ljós-móðir saumaði á eldri systur sína Ólöfu og líkan Sigurfinns Sigurðssonar af æskuheimili sínu Birtingaholti. Einnig má sjá ýmislegt fágæti eins og stólinn hennar Lofthænu, barnasnuð úr beini og hrúttspeldi úr Þingvallasveit. Sögurnar á bak við gripina eru mismiklar og stundum nær horfnar. Borðstofan verður sneisafull af fróðleik og söguferðin kvíslast um allt safnið.

Byggðasafn Árnesinga varðveitir um átta þúsund gripi héradsins en sögurnar eru enn fleiri. Safnið fagnar 70 ára afmæli í ár og það er því engin tilviljun að valið var að segja 70 sögur á haustsýningunni.



Líkan af Birtingaholti í Hrunamannahreppi sem Sigurfinnur Sigurðsson (1931-2021) gerði. Ágúst Helgason bændafrómuður í Birtingaholti byggði húsið árið 1896 en húsið brann að honum látnum árið 1951. Hjónin Ágúst og Móeíður Skúladóttir bjuggu í Birtingaholti 1892-1938. Sigurfinnur var barnabarn þeirra og ólst upp í gamla bænum utan þeirra ára sem hann þurfti að dvelja á spítala vegna berkla sem hann fékk ungur að árum. Þegar hann var rúmlega áttræður féddist hjá honum löngun til að gera líkan af gamla bænum sem og hann gerði. Þá voru ekki margir eftirlifendur sem mundu eftir bænum og leitaði hann heimilda eins og hann gat en að öðru leiti þurfti hann að byggja á minni sínu. Líkanið er á sýningunni 70 sögur af safni.

Safnið er opið daglega fram í septemberlok kl. 10-17 og fyrstu sýningarhelgina 16. og 17. september verður frír að-

gangur. Í október verður opið kl. 13-17 um helgar. Hópar og skólar eftir samkomulagi. Verið öll velkomin.

Árshlutauppgjör Sveitarfélagsins Árborgar

Bæjarráð Árborgar lagði fram 6 mánaða árshlutauppgjör á 50. fundi ráðsins þann 24. ágúst sl. og var það samþykkt samhljóða.

Uppgjörið sem er óendurskoðað innanhússuppgjör, gefur vísendingar um jákvæða þróun í átt að settu marki þótt óhagstætt efnahagsumhverfi hafi töluverð áhrif á rekstrarniðurstöðuna.

Sveitarfélagið hefur til marga ára lagt fram mánaðarlegt rekstraruppgjör en þetta er í fyrsta skipti sem 6 mánaða árshlutauppgjör er lagt fram og er stefnan að gera það áfram.

Það er jákvætt að rekstrarniðurstæða fyrir afskriftir og fjármagnsliði á fyrstu sex mánuðum 2023 er jákvæð um 595 milljónir, fyrir A og B hluta samstæðunnar, samanbórið við 437 milljónir allt árið 2022. Þar vinnur saman að tekjur eru meiri en áætlanir gerðu ráð fyrir og rekstrargjöld lægri. Á móti hafa fjármagnsliðir hækkað mikið og heildarniðurstæða tímabilsins er því neikvæð um 1,3 milljarð á móti 1,25 milljarði í áætlun. Þar

vegur þyngst hærri verðbólga en gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun.

Sá fyrirvari er á uppgjörinu að þar er ekki tekið mið af rekstraráhrifum byggðasamlaga og annarra samstarfsverkefna á tímabilinu.

Starfsmenn sveitarfélagsins eiga þakkið skilið fyrir framlag þeirra, samheldni og elju í erfiðum hagræðingaraðgerðum.

Bæjarfulltrúar og starfsmenn muna áfram vinna að hagræðingu í rekstri sveitarfélagsins með aðgerðum sem fela í sér aukningu á tekjum, lækkun rekstrargjalda, endurhöggun efnahagsreiknings og aðhaldi í fjárfestingum til að tryggja áframhaldandi öfluga grunnþjónustu fyrir íbúa og byggja þannig „Brú til betri vegar“.





DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyra­vegi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.

Ritstjóri: Helga Guðrún Lárusdóttir, sími 856 0673, helga@dfs.is.

Blaðamaður: Björgvin Rúnar Valen­ti­nusson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.

Auglýsinga­e­i­ð: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtu­degi. Upplag 5.000 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X



SVANSMERK
Prentgripur
1041 0858

Gáta vikunnar

Vís­na­gá­tur-höf: Páll Jónsson
Útg. Bókau­tgá­fan HÓLAR

Tímamælieining er og ekki lítil, einn í plús er illur skratti, með einni bara dólar Matti.

Svar við gátu í blaði 2717: **LAMPI**
1. Gaslampi - 2. Leslampi
3. Lampi, fyrirrennari smáranna - 4. (g)lampi





Ragnar Örn Traustason er sunnlenski matgæðingur vikunnar.

Ég vil byrja á að þakka honum Tómasi vini mínum og frænda fyrir þessa áskorun. Við bjuggum vissulega saman í nokkur ár og þar sá ég hann aldrei elda neitt annað en hakk og spaghetti. Mér brá því mjög í brún þegar ég sá hann bjóða upp á uppskrift af þorsk hér í síðustu viku en um leið gladdi það mig þar sem hann kann þá allavega að elda tvo rétti.

Sjálfur reyni ég að grilla alla daga og rétturinn sem ég ætla bjóða upp á í dag er einfaldur og þægilegur og er svona týpiskur mánudagsréttur hjá mér eftir erfiðan og langan vinnudag.

Grillað lambalæri með plómum, maís, sveppum og kartöflum

Grilllæri sem búið er að marinera með íslenskum kryddjurtum. Bökunarkartöflur Ferskur maís Plómur Hunang Piparostasósa BBQ-sósa: Famous Dave Texas Dip Dressing: Sýrður rjómi Fersk steinselja

Hitið grillið upp í miðlungshita og setjið lærið á það. Æskilegt er að kjötið sé við stofuhita þegar það fer á grillið. Snúið lærinu reglulega (á 15-20 mínútna fresti) uns

kjarnhitinn er kominn upp í 65 gráður. Penslið reglulega með BBQ-sósu.

Á sama tíma skal byrja að grilla kartöflurnar en gott er að forbaka þær í ofni þar sem þær þurfa töluvert langan tíma til að verða gegneldaðar.

Hreinsið maísinn og sjóðið í nokkrar mínútur til að hann þurfi styttri tíma á grillinu. Setjið því næst á grillið.

Hreinsið stilkinn og skafið innan úr sveppunum. Skerið ostinn í sneiðar og raðið inn í sveppinn.

Skerið plómurnar í tvennt. Fjarlægið steinninn og hellið hunangi yfir.

Hitið sósunu upp í potti.

Setjið maísinn, sveppina og plómurnar á grillið og grillið uns tilbúið.

Takið af grillinu, gott er að láta kjötið hvíla um stund áður en það er borið fram en hér er öllum matnum raðað á eitt fat og borið fram þannig.

Afar einföld en algjörlega frá­bær máltíð.

Ég skora næst á vínbóndann og lífskúnsterinn Eirík Raphael Elvy stórvinn minn. Hann hefur marga fjöruna sopið í eldamennsku og finnst mér líklegt að hann bjóði okkur upp á finnsk-íslenska fusion matargerð með kanadísku ívafi. Ég hef einnig búið með Eika og honum fannst alltaf mjög gott að borða og parar hann vín með öllum mögulegum og ómögulegum mat.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.



prentmet Oddi
heildarlausnir í prentun



Umbúðir



Almenn prentun



Bækur



Límmiðar



Stimplar

Prentmet Oddi ehf. | Eyra­vegi 25, 800 Selfoss
482 1944 | selfoss@prentmetoddi.is



Opið hús

**Föstudaginn 15. september
frá kl. 13 til 16**

Léttar veitingar verða í boði

Starfsfólk RARIK tekur á móti gestum í nýrri starfsstöð RARIK við Larsenstræti 4 á Selfossi, þann 15. september frá klukkan 13.00 til 16.00. Þar mun gestum gefast tækifæri til að kynna sér nýjustu starfsstöð þekkingarfyrirtækisins RARIK sem er leiðandi afl í orkuskiptum á landsbyggðinni með rafdreifikerfi sínu.

Starfsfólk verður á staðnum til að sýna sérhæfð ökutæki og búnað, svara spurningum, fræða gesti um starfsemi fyrirtækisins og helstu áskoranir. Vonandi sjá sem flestir sér fært að mæta og eiga við okkur spjall um þau málefni sem brenna helst á ykkur í tengslum við raforkudreifingu. Við vekjum athygli á að ekki er nauðsynlegt að skrá sig og húsið er opið öllum.

**OPIÐ HÚS
LAUGDAGINN 23. SEPTEMBER
KL. 13.00 – 14.00.**



Eigandi eignarinnar tekur á móti áhugasömum.
Vinsamlegast skráið ykkur á opið hús hjá
Kristófer í síma 695 6134 eða sendið línu
á kristo@olafur.is



12 spora starf í Selfosskirkju

Byrjað er með þremur opnum kynningarfundum 14., 21. og 28. september kl. 20:00 í Selfosskirkju.

Eftir kynningarfundina er unnið í lokuðum hópum. Starfið er þátttakendum að kostnaðarlausu.

Nánari upplýsingar inn á selfosskirkja.is og viniribata.is

ÚTBOÐ

Óskaland - Leikskóli - Viðbygging



Hveragerðisbær óskar eftir tilboðum í afhendingu á 596m² leikskólabyggingu úr forsmíðuðum einingum til leigu á lóðinni Réttarheiði 45 með forkaupsréttarákvæðum. Í viðbyggingunni verða fjórar leikskóla-deildir. Hveragerðisbær mun skila lóðinni með undirstöðum og grunnlögnum en leigusali skal skila byggingunni fullfrágenginni að utan og innan án innréttinga. Afhending er fyrirhuguð 1. mars 2024.

Útboðsgögn verða afhent rafrænt á útboðsvef verkefnisins:
<https://www.utbodsgatt.is/hveragerdi/Oskaland-leikskoli-2023>

Tilboðum skal skila rafrænt undir sömu vefslóð fyrir kl. 11:00 föstudaginn 22. september 2023



Það sem ég hef skrifað, það hef ég skrifað

segir lestrarhesturinn Pjetur Hafstein Lárusson



enda þótt Grímur Thomsen væri hennar maður í hópi skálda. En hann átti hún fyrir sig. Svo naut ég þess, að vera tíður gestur hjá frænku minni, Sigríði Theódórsdóttur frá Bægisá og manni henna, Bjarna Friðrikssyni. Þau héldu að mér Íslendingaþáttum Tímans og Speglinum, því ágæta skopblaði. Svo lét Sigríður mig læra Gilsbakkapulu utanbókar. Þetta var gott veganesti út í tilverunnar krókottu stíga.

En hvernig lýsir þú lestrarvenjum þínum?

Ég er hæglaes en minnugur á það sem ég les. Bækur eru aldrei fjarri mér og ég grip til þeirra nokkrum sinnum á degi hverjum.

Áttu þér einhverja uppáhaldshöfunda?

Eðli málsins samkvæmt eru þeir nú ýmsir og á ólíkum sviðum ritaðs máls. En ef ég ætti eftir að rata í þá ógæfu, að dæmast til að sitja pólitískan fund hvaða stjórnmálaflokks sem vera skal, mundi ég lauma með mér heildarsafni Steins Steinarrs, Kvæðasafni og greinum. Því miður eru Íslendingar á svo lágu menningarstigi nú um stundir, að greinar Steins

og viðtölin við hann, eru ekki lengur gefin út með ljóðum hans. Það er skaði, því þótt hann hafi verið öndvegis ljóðskáld, verða greinar hans og viðtölin við hann, að teljast til sigildra bókmennta þjóðarinnar. En ef til vill hafa innanbúðarmenn Forlagsins ekki veitt þessu athygli. Þá vil ég geta þess, að ljóð Hannesar Péturssonar eru mér mjög kær, enda tel ég ekkert íslenskt ljóðskáld okkar tíma standa honum á sporði.

Hefur bók einhvern tíma rænt þig svefni?

Já, en það er mér að meinalausu, efni þeirra bóka fer þá bara inn í drauma mína, þegar svefninn verður vökunni yfirsterkari.

Að lokum Pjetur, hvernig lýsir þú verkum þínum sem rithöfundur?

Ég segi nú bara eins og Martein Lúther: Það sem ég hefi skrifað, það hef ég skrifað.

Pjetur Hafstein Lárusson er ljóðskáld, smásagnahöfundur og ljóðapýðandi. Auk þess hefur hann sent frá sér tvær samtalsbækur og hefur önnur þeirra, Fjallakunstner segir frá, komið út þrisvar sinnum. Þar ræðir Pjetur við Stefán frá Möðrudal. Hann hefur auk þess birt fjölda viðtala, sérstaklega við gamalt fólk, í Morgunblaðinu og Sunnlenska fréttablaðinu. Þá liggja eftir hann nokkrir útvarpsþættir sem birst hafa í Ríkisútvarpinu, Rás 1, m.a. þrír þættir um samskipti bræðraþjóðanna Færeyinga og Íslendinga. Frá árinu 1998 hefur Pjetur verið búsettur í Hveragerði.

Hvaða bók bók ertu að lesa núna?

Yfirleitt er ég með fleiri en eina bók í takinu hverju sinni. Nú er ég að lesa Vestanfóru eftir Finn Torfa Hjörleifsson, ágæta bók, þar sem endurminningar og ýmis hugðarefni höfundar eru til umfjöllunar. Þá er ég að hlusta á hljóðútgáfu þeirrar frábæru bókar, Að breyta fjalli, lesna af höfundinum, Stefáni Jónssyni fréttamanni.

Hvers konar bækur höfða helst til þín?

Sagnfræðiverk, þjóðlegur fróðleikur og síðast en ekki síst ljóðabækur og þá aðallega 19. aldar skálda og formbyltingarskálda síðustu aldar, ekki síst þeirra Stefáns Harðar Grímssonar, Jóns Óskars, Jónasar Svafárs og Sigfúsar Daðasonar. Þá má ekki gleyma þeim, sem ruddu þeim brautina, Steini Steinarr og Jóni úr Vör. Austurlensk ljóð, sérstaklega kínversk

frá Tang-tímabilinu eru mér einnig hugleikin og hef ég þýtt nokkuð úr þeim fjársjóði, aðallega úr norsku. Lí Þó er í sérstöku uppáhaldi hjá mér. Eins og fram kemur í skáldskap hans, var hann nokkuð fyrir sopann. Dauða hans bar að með þeim hætti, að hann var á báti úti á fljóti að næturlagi. Máninn speglaðist á öldum fljótsins og hugðist skáldið veiða hann upp úr vatninu. Við þá tilraun féll hann útbyrðis og drukknaði. Það er erfitt að ímynda sér skáldlegri dauðdaga. Þá eru japönsku ljóðformin hækur og tönkur mér einnig kær.

Vonandi er það ekki bara sérviska mín, en mér nægir ekki innihald bóka til að meta gildi þeirra. Þannig get ég t.d. ekki notið lestrarefni, sem prentað er á skjannahvítan pappír. Prentlistin hefur þá sérstöðu meðal iðngreina, að teljast til lista, sé vel að verki staðið. Það er vegna þess, að góð prentun ber með sér andblæ þess, sem prentað er.

Fékkstu lestraruppeldi sem barn?

Ég ólst upp hjá ömmu minni til tólf ára aldurs. Hún var ekki gefin fyrir bókina. Hins vegar var hún rótfastur Reykvikingur og rakti ættir sínar þangað allt aftur til Innréttinga Skúla fögeta. Gamla Reykjavík var henni hugleikið frásagnarefni. Þess naut ég. Móðir mín hélt hins vegar að mér ljóðum og sögum Jónasar Hallgrímssonar,



**Tillögur að áhugaverðum
Lestrarhestum berist á
netfangið.jonozur@gmail.com**



Upprisa íslensku torfærunnar

Pitstop bikarmótið í torfæru fer fram í námunum við Svínavatn kl. 11 laugardaginn 16. september næstkomandi. Nítján keppendur eru skráðir til leiks í þessa síðustu keppni ársins.

Er þetta önnur keppnin sem haldin er við Svínavatn, sú fyrri var haldin þann 29. júlí sl. en Sigurður Ingi Sigurðsson, gjarnan kallaður Siggí, er formaður Torfærklúbbsins og maðurinn á bakvið þessa keppni. Dagskráin náði tali af Siggá, sem hefur haldið titlinum fyndnasti maður Suðurlands síðan keppni um þann titil var haldin árið 2011.

Næst vinsælustu myndböndin á internetinu

Siggí tók við formennsku Torfærklúbbsins árið 2022 og setur

markið hátt í að upphelja þessa skemmtilegu akstursíþrótt. „Torfærklúbburinn er regnhlíf- arhugtak yfir torfæruökumenn- og lið víðsvegar af landinu. Hugsun Torfærklúbbsins í dag er að koma torfærunni aftur á það „level“ sem hún var á hérna í gamla daga, við viljum koma þessu aftur af stað og við finnum fyrir miklum meðbyr, torfæran er á svakalegri uppleið núna sem er alveg frábært. Þetta er þræl- skemmtilegt sport, bæði fyrir keppendur og áhorfendur. Fólk mætir á staðinn og hugsar sér að enginn geti keyrt upp þessar brekkur og adrenalínið fer svo á fullt bæði hjá áhorfendum og keppendum þegar þeir láta vaða upp lóðréttar brekkurnar. Mig langar að fullyrða að torfæru- myndbönd séu næst vinsælustu



Ljósmynd: Heiða Björg Jónasdóttir.

myndböndin á internetinu í dag, á eftir einhverju sem við tölum ekki um í blaðaviðtali,“ segir Siggí og hlær.

Frábær stemning

Talið er að um 2000 manns hafi mætt á torfæruna á Svínavatni í júlí og Siggí segir að stemningin hafi verið frábær. „Fólk fékk sér sæti, mætti með teppi og öl eða kaffi í brúsa og fylgdist með, það var alveg geggiuð stemning og ég hef fulla trú á að hún verði ekki síðri um næstu helgi. Það hafa stundum verið fleiri á torfærukeppninni á Hellu heldur en hafa verið á öllum fyrstu deildar í knattspyrnu til samans, sem segir manni svolítið um hversu gaman það er að horfa á svona torfæru,“ segir Siggí að lokum.

HGL



Nýtt teikninámskeið fyrir byrjendur í Skrúfunni

Guðrún Arndís Tryggva- dóttir myndlistarmaður hefur skipulagt hraðnámskeið í teikningu í Skrúfunni, grósku og sköpunarmiðstöð á Eyrar- bakka.

„Mín reynsla er sú að hægt sé að leiðbeina þannig að allir geti yfirstigið hræðslu sem varð til einhverntíma á ævinni um að „kunna ekki að teikna.“

En það hafa ekki allir mik- inn tíma til að sækja námskeið langt í burtu en langar samt að tileinka sér ákveðna færni. Hraðnámskeiðið er fyrir byr- jendur og alla þá sem vilja læra að njóta þess að teikna. Að teikna er ekki bara list heldur aðferð til að rannsaka og leysa úr læðingi. Teikning er ein af grunnþörfum manneskjunnar, beinasta leiðin frá huga til handar. Teikning er tjáningar-

miðill sem við höfum öll þörf fyrir og getum lært svo mikið af, bæði um okkur sjálf og um heiminn í kringum okkur,“ segir Guðrún.

Hraðnámskeiðið er í fjórum hlutum og snýst um að ná tök- um á formum og hlutföllum, að geta teiknað fólk leikandi, að plata augað og gefa rými til kynna auk þess að þróa eigin hugmyndir.

Námskeiðið er haldið í samvinnu við Skrúfuna á Eyr- arabakka á fjórum laugardags- morgnum frá kl. 10 - 12:15. Fyrsta námskeiðið byrjar þ. 16. september og heldur síðan áfram þar til í byrjun nóvem- ber.

Allar frekar upplýsingar veitir Guðrún í síma 863 5490 eða á netfanginu gudrun@ tryggvadottir.com.



Ljósmynd: Heiða Björg Jónasdóttir.

ERTU MEÐ FRÁBÆRA

HUGMYND?

UPPBYGGINGARSJÓÐUR SUÐURLANDS

hefur opnað fyrir umsóknir haustið 2023

ATVINNA & NÝSKÖPUN

MENNING

ATVINNA & NÝSKÖPUN

UMSÓKNARFRESTUR

ÞRIÐJUDAGINN

3. OKT. KL. 16:00

KYNNTU ÞÉR ÁHERSLUR

OG ÚTHLUTUNARREGLUR

SASS
SAMTÖK
SUNNLENSKRA
SVEITARFÉLAGA

SÓKNARÁÆTLUN
SUÐURLANDS

Söng í sama míkrofón og Prince söng Purple Rain



• Arnar Jónsson tekur upp plötu í Sunset Sounds hljóðverinu í Hollywood •

Arnar Jónsson er 38 ára fjölskyldufaðir, búsettur í Rangárþingi ytra ásamt eigin konu sinni, Hólmfríði Samúelsdóttur, börnum þeirra tveimur, Ídu Maríu og Bastían og tveimur hundum. Arnar fór til Hollywood í ágúst, þar sem hann tók upp tónlist í einu sögufrægasta hljóðveri heims, Sunset Sound. Við heyrðum í Arnari, fengum að kynnast honum svoltið betur og heyra hvernig þetta kom allt til.

Kenndi sér að spila á gítarinn frá ömmu

„Við fluttum í sveitasæluna úr borgarbrjálaðinu fyrir fjórum árum. Ég er menntaður tækni-fræðingur og hönnuður en tónlistin hefur alltaf verið mín stærsta ástríða. Sveitaloftið hefur klárlega jákvæð áhrif á sköpunarkraftinn minn,“ segir Arnar og andar að sér fersku sveitaloftinu. „Ég var mjög söngelskt barn, var í barnakór í Árbæjar-skóla og tók þátt í hæfileika-keppnum með bæði leiklistar- og söngatriðum. Þegar ég var 13 ára gaf amma mér gítarinn sinn. Ég kenndi mér að spila á hann með hljómaþók sem innihélt slagara á borð við Gamla Nóa, Bjarnastaðabeljurnar og hver man ekki eftir tímalausa slagaranum Gulur, Rauður, Grænn og Blár?,“ segir Arnar og hlær.

Alinn upp á Motown- og diskótónlist

„Tónlistarferillinn hófst svo í Fjölbautaskólanum við Ármúla þegar ég og fjórir félagar mínir stigum á svið í Söngvakeppni FA, sem Backstreet Boys. Árið eftir tók ég aftur þátt, bara einn og vann þá. Árið 2007 lá leiðin í strákasveitina Luxor. Síðan þá hef ég sungið í fjölda brúðkaupa, í jarðarförum, í Söngvakeppni Sjónvarpsins og við ýmis tilefni. Mamma mín ól mig upp á Motown- og diskótónlist þannig ég hlustaði mikið (og geri enn) á The Temptations, Jackson 5, BeeGee's. Á mínum eldri árum hlusta ég mikið á Michael Bublé og John Mayer,“ bætir Arnar við.

Ekkert annað í stöðunni en að fara „All-in“

En hvernig endaði fjölskyldu-

faðir úr sunnlenskri sveit í Hollywood í upptökum? „Ég kynntist manni að nafni David Kershenbaum í gegnum síðu sem heitir Soundbetter. Hann rakst á demó með mér, vildi heyra meira og hafði samband við mig. Hann varð strax mjög hrifinn af tónlistinni og röddinni og vildi fá mig út og stýra upptökum á plötu. Ég lagðist í smá rannsóknarvinnu og þá kom í ljós að þessi maður er nokkuð stór úti í hinum ameríska tónlistarheimi. Þegar samstarfið hófst sá ég því ekkert annað í stöðunni en að fara „All-in“. Ég flaug til Hollywood ásamt Hófi minni og tók upp plötuna í einu frægasta hljóðveri heims, SunsetSound í Hollywood.“

Stíll gömlu rokkaranna fær að skína í gegn

„Bandaríkin eru alveg með ákveðið sound, sérstaklega þessir gömlu rokkarar sem eru búnir að spila tónlist síðustu 50 árin. Denny Fongheiser sem spilar á trommur er í hljómsveitinni Heart. Leland Sklar sem spilar á bassa hefur spilað með Phil Collins, Toto, BeeGee's, James Taylor, Waddy Wachtel sem spilar á gítar hefur spilað með Fleetwood Mac, Rolling Stones og Nick Tsang sem spilar á gítar hefur spilað með Ed Sheeran frá byrjun. Þeirra stíll fær alveg að skína í lögnum. Ég var að taka upp í Stúdíó 3 sem er eina stúdíóið sem hefur fengið að haldast



Arnar og David í hljóðverinu Sunset Sounds. Þarna eru þeir innan um allar Gold/Platinum plöturnar sem teknar voru upp í Sunset Studios. Mynd: Aðsend.

upprunalegt. Allt frá tækjum niður í sófasettið. Þarna stóð ég og söng í sama míkrofón og Prince söng Purple Rain þannig að maður reyndi auðvitað að taka inn alla þessa sögu og skila henni á tape,“ segir Arnar, aðspurður hvort staðsetningin hafi haft áhrif á tónlistina sem hann tók upp.

Þetta reddast!

Þegar Arnar er spurður hvort hann hafi rekist á einhverjar hindranir á veginum segir hann: „Allt ferlið hefur bara verið jákvætt, skemmtilegt og ógleymanlegt. Það er þó ein hindrun sem poppar reglulega upp og er hún af hinum sígilda, fjárhagslega toga. Ég á bara eitt ráð við

þeirri hindrun og það er að segja við sjálfan mig: Þetta reddast!“, segir Arnar og yppir öxlum brosandí.

Einvala lið tónlistarfólks

Megnið af undirleiknum var tekinn upp á Íslandi fyrir brottför og komu nokkrir Íslendingar að þeim upptökum. „Ástkær eiginkona mín, hún Hófi Samúels, tók þátt í textagerð nokkurra laga og var til halds og trausts í lagasmíð. Hún syngur inn raddir. Halldór Gunnar Fjallabróðir stjórnaði upptökum á gítar á nokkrum lögum sem Pétur Valgarð spilaði. Kristinn Sturluson stjórnaði upptökum á sellóleik í tveimur lögum sem Kristín Lárusdóttir, Selló Stína, spilaði.

Óskar Einarsson útsetti gospel raddir sem hann sjálfur, Hrönn Svansdóttir og Fanny Kristín Tryggvadóttir sungu inn. En upptökur standa enn yfir þannig þá munu örugglega einhverjir bætast við.“

Unaðslegur hljómur úr 62 ára gömlum Martin D-18

„Eitt laganna á plötunni er tekið upp live. Það var nefnilega þannig að þremur dögum áður en við Hófi flugum til LA, þá slysaðist ég til að semja nýtt lag sem okkur leist svona líka rosalega vel á. Það var engin tími til að þæla í útsetningu eða fá inn hljóðfæraleikarana til að spila inná trackið. Því var ákveðið að leigja gítar í LA og spila þetta bara live í LiveChamber í SunsetSound. Nánast í næsta húsi við stúdíóið er hljóðfæraleiga sem leigir aðeins út vintage hljóðfæri til stúdíóa. Ég fékk að fara inn og valdi mér Martin D-18 frá árinu 1961. Gullfallett hljóðfæri og hljómurinn alveg unaðslegur,“ bætir Arnar við.

Vel gerð og fjölbreytt plata væntanleg

En við hverju megum við búast eftir þessar upptökur? „Þið megið búast við mjög svo vel gerðri og fjölbreyttri plötu sem inniheldur, að mínu mati, mjög flott og falleg lög. Þetta er alveg melodískt og metnaðarfullt popp/rokk. Það er ekki búið að ákveða útgáfudag en ég stefni á að gefa út smáskífu í október,“ segir Arnar að lokum. **HGL**



Analog borðið í Studio 3. Þetta er allt original frá sjöunda áratugnum. Mynd: Aðsend.



Arnar fer yfir texta og sér hvort gera þurfi breytingar þar á. Mynd: Aðsend.



„Alls ekki sjálfsagður árangur“

Bæði eldra ár karla og yngra ár kvenna í 5. flokki hjá handknattleiksdeild UMFS tryggðu sér Íslandsmeistaratitilinn á síðasta tímabili. Þar með unnu þau sér inn þátttökurétt á Norðulameistaramótið Norden Cup sem fer fram í Gautaborg í Svíþjóð á hverju ári milli jóla og nýárs.

„Um er að ræða boðsmót þar sem sterkustu liðin á norðurlöndunum eru að mætast, en liðin eru ýmist lands eða svæðismeistarar þar sem ekki er keppt á landsvísi allstaðar. Í kk liðinu eru drengir fæddir 2009 og 10 en stelpurnar eru fæddar 2010-11 og var því stór hluti af kvk liðinu enn í 6. flokki þegar þær

urðu íslandsmeistarar í 5. flokk sem er mikill árangur,“ segir Örn Þrastarson, íþróttastjóri handknattleiksdeildar UMFS í samtali við Dagskrána.

„Það er sérstakt að eiga 2 lið í þessu móti á sama tíma og alls ekki sjálfsagður árangur. Þessir krakkar sem eru að fara í ár eru mjög flottir og efnilegir íþróttamenn- og konur sem leggja mikið á sig og eru heppin að koma úr stórum og skemmtilegum flokkum. Kostnaður við svona þátttöku er mikill og því þurfa krakkarnir að safna sér fyrir þessari ferð með allskonar fjáröflun sem fólk mun verða vart við næstu mánuði. Meðal annars stendur til hjá þeim að halda

Handboltamaraþon í Set höllinni 21. október næstkomandi og munu þau ganga í hús og safna áheitum fyrir því. Margir af krökkunum sem hafa verið í liðunum frá Selfossi á þessu móti hafa náð langt í lífinu og margir í handbolta, leikið með A landsliði og sem atvinnumenn eða fyrir meistaraflökka Selfoss. Þessi árangur gefur okkur því góð fyrirheit um það að uppeldi afreksfólks á Selfossi er í góðum farveg þó alltaf megi gott bæta. Vonandi sjá sem flestir sér fært að styðja við krakkana þegar þau banka uppá. Áfram Selfossi,“ segir Örn að lokum.

HGL

Erfiðar aðstæður en léttleikinn í fyrirrúmi í Kastþraut Óla Guðmunds

Árleg Kastþraut Óla Guðmunds fór fram við frekar erfiðar aðstæður föstudaginn 8. sept. þar sem léttleikinn var í fyrirrúmi. Keppnisgreinar í kastþraut eru; sleggjukast, kringlukast, kúluvarp, spjótkest og lóðkast. Ágæt þátttaka var í þrautinni. Í karlaflokki sigraði Guðni Valur Guðnason ÍR og HM fari í kringlukasti með 3933 stig. Annar með tæp 3100 stig varð Örn Davíðsson Selfossi og Jón Bjarni Bragason Breiðablik í 3. sæti.

Í kvennaflokki var skemmtileg keppni sem endaði með sigri Heru Cristensen FH sem fékk



2588 stig, Hildur Helga Einarsdóttir varð í 2. sæti með rúmlega 2200 stig og Álfrún Dilljá Ragnheiðardóttir í því þriðja, báðar frá Selfossi. Ágústa Tryggvadóttir Selfossi varð svo í fjórða sæti, aðeins sjö stigum á eftir Álfrúnu en þess má geta að Ágústa setti fjögur HSK met í sínum flokki 40-44 ára. Hún

tvíbætti metið í kúluvarpi er hún varpaði 9,58m og svo 9,88m. Þá bætti hún HSK metið í spjótkesti kastaði 26,21m og endaði svo á setja bæði HSK og Íslandsmet í lóðkasti er hún kastaði 9,75m Gamla metið átti Þuríður Ingvarsdóttir Selfossi 9,31 en þær kasta 8kg þungu löði.

Þetta var endapunktur á sumarkeppnistímabilinu. Undirritaður vill færa starfsmönnum og styrktaraðilum kærar þakkar fyrir þeirra þátt svo halda megi Kastþrautina ár hvert.

Ólafur Guðmundsson, mótshaldari



FÉLAGSFUNDUR

Almennur félagsfundur Bárunnar, stéttarfélags verður haldinn að Austurvegi 56 miðvikudaginn 20. september kl. 18:00.

- Dagskrá:
- 1. Kosning fulltrúa á þing Starfsgreinasambands Íslands sem haldið verður dagana 25. – 27. október nk.
 - 2. Yfirferð í komandi kjarasamninga, hvað viljum við hvernig gerum við það.
 - 3. Önnur mál.

Boðið verður upp á kjötsúpu á fundinum. Stjórn Bárunnar, stéttarfélags.



Hátíðarfundur FOSS

Aðalfundur FOSS verður haldinn á Hótel Selfossi, miðvikudaginn 20. september kl. 19.

Í tilefni þess að félagið átti 50 ára afmæli þann 31. maí síðastliðnum verður aðalfundur FOSS jafnframt hátíðarfundur félagsins.

Dagskrá fundarins:

Venjuleg aðalfundastörf
Önnur mál

Happdrætti veglegir vinningar í boði.

Þegar fundi er lokið kemur hann Halli Melló, Hallgrímur Ólafsson og skemmtir fundagestum.

Boðið verður upp á hátíðarkvöldverð á meðan fundi stendur.



Skráning á heimasíðu FOSS undir Viðburðir.

Stjórn FOSS

Frá Árborgarprestakalli

Verið öll hjartanlega velkomin til gefandi samvera og góðra stunda í kirkjunum okkar.

Messur sunnudaginn 17. september:

- Eyrarbakka kirkja kl. 11 – prestur Gunnar Jóhannesson, organisti Haukur Arnarr Gíslason.
- Gaulverjabæjarkirkja kl. 14 – prestur Gunnar Jóhannesson, organisti Haukur Arnarr Gíslason.
- Selfoskirkja kl. 20 – prestur Gunnar Jóhannesson, organisti Edit Molnár.

Sunnudagaskólinn í Selfoskirkju er alla sunnudaga kl. 11 með söng og skemmtun fyrir alla fjölskylduna.

Morgunbætur og morgunkaffi í Selfoskirkju kl. 9:15 alla þriðjudaga, miðvikudaga og fimmtudaga.

Óflugt barna- og kórstarf alla þriðjudaga. Starfið er ókeypis og öll börn eru velkomin. Skráning og upplýsingar á selfoskirkju.is.



FUNDIR



Krabbameinsfélagið

Opið mán kl. 11 til 15
miðv. kl. 11 til 15
föstud. kl. 11 til 14.
sími 482 1022
gsm 788 0300

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30, fundur, Hrísholti 8

Al-Anon

Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA

Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 og 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA opin fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi

Polskie mitingi aa grupa krokus.
Poniedziałek i czwartek godziny
19:00. Hrísholt 8 - 800 Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA

Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters anonymous alla
þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni

Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1,
Þorlákshöfn
Miðvikudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg

Fundur í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, efri
hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

BÍLAR



Gagnheiði 11 - 800 Selfossi
Sími 482 2200 - GSM 894 2277 - Fax 482 2777
Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti

ÞJÓNUSTA



SELFOS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND



Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Hjá Maddý ehf.

Eyrvægi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

GRUNNSTOÐIR

- HEITGALVANISERAD ÚRVÁLSSTÁL
- FASTUR KOSTNAÐUR
- HENTAR FYRIR HVERSKYNS JARÐVEG
- MIKID ÚRVÁL TILBÚNA FESTINGA
- 30 ÁRA REYNISLA

ECO HELIX PRO

HÚSGRUNNAR TILBÚNIR Á EINUM DEGI

ENGINN JARÐVEGSVINNA
ENGINN BIÐTÍMI
SPARIÐ TÍMA OG PENINGA

866 4788 - 866 7500

GRUNNSTOÐIR.IS

FÉLAGSSTÖRF



SKRIFSTOFA FEBSEL

Skrifstofa Félags eldri-
borgara á Selfossi verður
opin fimmtudaginn
14. september kl. 13-14:30.

Opið hús

Fimmtudaginn 21. september
kl. 14:45. Kynning á
vetrarstarfi. Kaffi og
kökur í boði stjórnar.

KIRKJA

Selfosskirkja

Messa og helgiöld sunnudag-
inn 17. september Selfosskirkja
kl. 20. Sunnudagaskólinn í
Selfosskirkju kl. 11.
Morgunbænir í Selfosskirkju á
þri., mið., og fim. kl. 09:15.

Gaulverjabæjarkirkja

Messa og helgiöld sunnudag-
inn 17. september kl. 14

Eyrarbakakirkja

Messa og helgiöld sunnudag-
inn 17. september kl. 11.

Hvítasunnukirkjan Selfossi

Samkoma, sunnudagaskóli og
kaffiveitingar sunnudaginn 17.
september kl. 11:00 í Hvíta-
sunnukirkjunni Selfossi, Austur-
vegi 40B. English translation
available. selfossgospel.is.

Skálholtsdómkirkja

Fjölskylduguðspjónusta verður í
Skálholtsdómkirkju sunnudag-
inn 17. september kl. 11:00.
Bergþóra Ragnarsdóttir leiðir
stundina ásamt sr. Jóhönnu
Magnúsdóttur. Organisti er Jón
Bjarnason. Veitingar í boði í
Gestastofu Skálholts eftir
messu.

Hveragerðiskirkja

Kvöldguðspjónusta kl. 20. Ljuf
stund í helgarlok.

Hrepphóla kirkja

Fyrsti kirkjuskóli vetrarnins verður
í Hrepphóla kirkju laugardag-
inn 16. september kl. 11. Söngur,
sögur, biblíusaga og hressing á
eftir. Verið öll velkomin! Einnig er
vert að minna á kyrrðarstundir
sem verða öll fimmtudagskvöld
kl. 20 í september í Hrepphóla-
kirkju. Umsjón hefur Jóna Heið-
dís, djáknakandidat.



Southland Choir í Skálholtskirkju

Ástralski kórinn Southland
Choir heldur tónleika í
Skálholtskirkju miðvikudaginn
20. september kl. 12:00.

Kórinn skilgreinir sig sem
ferðakór og hefur haldið tón-
leika víða um heim. Kórinn er
nú á Íslandi og verður á ferð um
landið í september og heldur
tónleika víða um land.

Kórmeðlimir eru 25 talsins á
öllum aldri. Þeirra helsta ástríða
er góð tónlist og ferðalög. Með-
al verka á dagskránni sem þau
bjóða uppá í Skálholti er tónlist
frumbyggja Ástralíu, auk hefð-
bundinna og samtíma verka frá
Ástralíu.



15. SEPTEMBER
KL. 13-16

OPIÐ HÚS

Í nýrri starfsstöð
RARIK við
Larsenstræti 4
á Selfossi

Léttar veitingar í boði.

Opið hús í nýjum
húsakynnum RARIK

RARIK býður gestum og
gangandi á opið hús í nýrri
starfsstöð fyrirtækisins við Lar-
senstræti 4 á Selfossi, þann 15.
september frá klukkan 13:00-
16:00. Þar mun gestum gefast
tækifæri til að kynna sér nýjustu
starfsstöð þekkingarfyrirtækis-
ins RARIK sem er leiðandi afl
í orkuskiptum á landsbyggðinni

með raforkudreifikerfi sínu.
Starfsfólk RARIK verður á
staðnum til að sýna sérhæfð
ökutæki og búnað, svara spurn-
ingum, fræða gesti um starfsemi
fyrirtækisins og helstu áskor-
anir.

Það er ekki nauðsynlegt að
skrá sig og húsið er opið öllum.
Léttar veitingar verða í boði.

Kynningar-
fundur hjá
Power-Talk
deildinni Jóru

PowerTalk deildin Jóra
verður með kynningar-
fund mánudaginn 18. sept-
ember nk. kl. 20 í Selinu,
Engjavegi 48 á Selfossi.

Power-Talk deildin Jóra
hefur starfað í yfir 30 ár
og koma félagar víða að úr
Arnessýslu. Með þátttöku í
starfi deildarinnar þjálfum
við okkur í ræðumennsku
og fundarsköpum. Við æfum
okkur í að gegna embættum
og vera fundarstjórar, allt
eftir því sem félagar treysta
sér til. Deildin er opin öllum
kynjum. Starf í deildinni
getur verið stökkpallur til
að fara að taka þátt í félags-
málum af ýmsum toga.

Fritt inn og veitingar í
hléi. Allir velkomnir!

Fréttatilkynning frá
Power-Talk deildinni Jóru



Hugleiðsla og slökun fyrir Perlumæður

Perlumæður - konur án barna

Unnur Arndísardóttir gaf nýverið úr bókina Perlumóðir - kona án barna, sem er reynslusaga Unnar með ófrjósemi, þar sem hún deilir því hvað aðstoðaði hana við að komast yfir sorgina. Hún gefur dæmi um jóga, öndunaræfingar og slökun, og hvernig nálgun við Móður Jörð og Gyðjuna aðstoðaði hana við að ná sátt við lífstílinn „barnfrjáls“.

Unnur býður reglulega uppá viðburði á Íslandi og á Spáni fyrir barnlausar konur, sem hún velur að kalla Perlumæður.

Næsti viðburður á Íslandi verður þriðjudaginn 19. september klukkan 18 í Jógahorninu í Þorlákshöfn, þar sem Perlumæður koma saman og hugleiða. Öllum konum án barna er hjartanlega velkomið að taka þátt.

Allar nánari upplýsingar um viðburðinn má nálgast á vefsíðunni uni.is/perlumaedur-hugleidsla-jogahornid. Skráning fer



Allar nánari upplýsingar um Perlumæður má nálgast á perlumodir.com. Mynd: Aðsend.

fram hjá Unni Arndísar á uni@uni.is eða í síma 696 5867.

Unnur býður einnig uppá Hlédrag eða Retreat fyrir konur án barna á Spáni í apríl 2024.

KARTÖFLUGEYMSLA

Kæru viðskiptavinir!
Nú þegar ég hætti umsjón með geymslunni, vil ég þakka ánægjuleg samskipti sl. 28 ár

Bestu kveðjur,
Ólafur Sigurðsson, Fossheiði 13, Selfossi.



Ágætu íbúar á Selfossi DÓSASÖFNUN

Sunddeildar UMFSelfoss

verður laugardaginn næsta 16. september

Þið getið klippt þennan miða út úr blaðinu til að merkja pokana. Vinsamlega setjið pokana nálægt gangstéttinni þannig að þeir verði sýnilegir frá götunni. Vaskir sundiðkendur munu síðan frá 10:30 koma og tína upp pokana. Kveðja, krakkarnir úr sunddeildinni og stjórnin.

Upplýsingar í síma 861 9105

AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur



Samkvæmt 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt tillaga eftirfarandi aðalskipulagsbreytingar.

1. Hólakot L166762; Landbúnaðarsvæði í frístundasvæði; Aðalskipulagsbreyting - 2209063

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti á fundi sínum þann 7. september 2023 að kynna tillögu aðalskipulagsbreytingar vegna Hólakots L166762 í Hrunamannahreppi. Í breytingunni felst að skilgreint er frístundasvæði í stað landbúnaðarlands á um 12 ha spildu.

Samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst tillaga aðalskipulagsbreytingar eftirfarandi skipulagsáætlunar:

2. Brjánsstaðir lóð 4 L213014; Hádegishóll; Þjónustuhús auk þyrpingu gistihúsa; Aðalskipulagsbreyting - 2301064

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 2. ágúst 2023 að auglýsa skipulagstillögu sem tekur til breytinga á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps í landi Brjánsstaða lóðar 4 L213014 (Hádegishóll). Með breytingunni verður sett inn 1 ha verslunar- og þjónustusvæði með heimild fyrir fasta búsetu, gestahús fyrir allt að 50 gesti og þjónustuhús. Markmið með breytingunni er að efla atvinnustarfsemi og bæta þjónustu við íbúa og gesti. Samhliða er auglýst deiliskipulag sem tekur til uppbyggingar á svæðinu.

Samkvæmt 32. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst niðurstaða sveitarstjórna vegna eftirfarandi aðalskipulagsbreytinga.

3. Stóra-Borg lóð 16; Óveruleg breyting á aðalskipulagi; L2 í L3 - 2302037

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 1. mars 2023 skipulagstillögu er varðar óverulega breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032. Í breytingunni felst að skilgreining á landbúnaðarlandi L2 er breytt í L3 til samræmis við aðliggjandi svæði innan sömu lóðar. Niðurstaða sveitarstjórnar tilkynnist hér með. Samþykki Skipulagsstofnunar fyrir málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga er varðar óverulega breytingu á aðalskipulagi liggur fyrir.

4. Skógsnes 2; Verslun- og þjónusta; Óveruleg breyting á aðalskipulagi - 2308042

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 6. september 2023 tillögu óveru-

legrar breytingu á aðalskipulagi sem tekur til skilgreiningar á verslunar- og þjónustusvæðis í landi Skógsness 2. Niðurstaða sveitarstjórnar tilkynnist hér með.

Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur eftirfarandi deiliskipulagsáætlana:

5. Svínavatn 3 L232042; Íbúðarlóðir; Deiliskipulag - 2305076

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 6. september 2023 að auglýsa tillögu nýs deiliskipulags sem tekur til lóðar Svínavatns 3, L232042. Innan deiliskipulagsins er gert ráð fyrir að skipta 5 ha landi í 2 lóðir, 3,5 ha og 1,5 ha á stærð og að þar geti risið 1 íbúðarhús á hvorri lóð og á þeirri stærri vinnuskemma og lítill gestahús til útleigu.

6. Brjánsstaðir lóð 4 L213014; Hádegishóll; Þjónustuhús auk þyrpingu gistihúsa; Deiliskipulag - 2301017

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 2. ágúst 2023 að auglýsa tillögu nýs deiliskipulags sem tekur til lóðar Brjánsstaða lóð 4 (Hádegishóll), L213014. Í deiliskipulaginu felst heimild til að byggja þyrpingu lítilla gistihúsa auk þjónustuhúsa og húsnæðis fyrir starfsfólk með fasta búsetu ef á þarf að halda. Nýtingarhlutfall lóðar geti orðið allt að 0.1. Samhliða er auglýst breyting á aðalskipulagi sem tekur til svæðisins.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni www.utu.is. Þá eru gögnin aðgengileg á heimasíðum sveitarfélaganna, www.floa-hreppur.is, www.goggi.is, www.fludir.is og www.skeidgnup.is.

Mál 1 innan auglýsingar er skipulagsmál í kynningu frá 14. september 2023 með athugasemdafrest til og með 29. september 2023.

Mál 2, 5 og 6 innan auglýsingar eru skipulagsmál í auglýsingu frá 14. september 2023 með athugasemdafrest til og með 27. október 2023.

Mál 3 og 4 eru tilkynningar um niðurstöðu sveitarstjórnar.

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu UTU Dalbraut 12, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangið skipulag@utu.is

Vígfús Þór Hróbjartsson, skipulagsfulltrúi UTU

Sumarferð eldri borgara á Eyrarbakka



Fv.: Skúli Þórarinnsson, Norma Einarsdóttir, Margét I. Ásgeirsdóttir (safnstjóri), Kristín Eiríksdóttir, Guðrún Thorarensen, Kristín Vilhjálmsdóttir, Guðný Rannveig Reynisdóttir, Inga Kristín Guðjónsdóttir, Erla Karlsdóttir, Sigríður Sæmundsdóttir, Jónína Kjartansdóttir, Trausti Sigurðsson, Ólaf Guðmundsdóttir, Vilbergur Prebensson, Kristján Gíslason, Unnur Ósk Kristjónsdóttir, Erlingur Guðjónsson, Ingibjörg Guðmundsdóttir, Kristinn Þórarinnsson, Alda Guðjónsdóttir, Emil Ragnarsson, Jón Gunnar Gíslason og Björn Ingi Bjarnason.

Félag eldri borgara á Eyrarbakka fór sumarferð þann 31. ágúst sl. og var farið vítt og breitt um Reykjanes.

Sérstök hátíðar móttaka var í Byggðasafninu á Garðskaga. Þar ræður ríkjum Margrét I. Ásgeirsdóttir f.v. yfirbókavörður

Bókasafna Árborgar. Hún veitti faglega og ljúfmannlega leiðsögn um safnið.

Björn Ingi Bjarnason



Aldis Hafsteinsdóttir sveitasjóri Hrunamannahrepps ásamt fríðu föruneyti. Ljósmynd: Helga R. Einarsdóttir.

Litskrúðugir gestir, skin og skúrir í Hrunaréttum

Sauðfjarréttir á Suðurlandi hófust sl. föstudag í Hrunamanna- og Gnúpverjahreppum.

Um helgina voru svo Reykjarréttir á Skeiðum, Tungnaréttir í Biskupstungum, Haldréttir og Þoristunguréttir í Holtamannafrétti. Á mánudag var svo réttað á Fjallrétt við Þórólfsfell.

„Skin og skúrir í Hrunaréttum og óvenju glaðlegir litir á klæðnaði réttagesta. Sama hvernig viðrar er alltaf gaman í réttum. Það er gert hlé á réttastörfum til að borða nestið, sem víða var vel í lagt og kunningjar eiga saman spjall, kannski bara einu sinni á ári... í réttunum,“ sagði Helga Ragnheiður Einarsdóttir, sem mætt hefur í réttir áratugum saman, í samtali við Dagskrána.

Hér á eftir kemur listi yfir tímasetningar á auglýstum réttum sem framundan eru.

Laugardaginn 16. september
Reyðarvatnsréttir á Rang-
árvöllum
Fossvallaréttir í Lækjar-
botnalandi

Húsmúlarétt við Kolviðarhól,
Árn.

Heiðarbæjarréttir í
Þingvallasveit, Árn. kl.

Sunnudaginn 17. september

Fljótshlíðaréttir í Fljótshlíð,
Rang.

Ölfusréttir í Reykjadal, Ölfusi
Brúsastaðaréttir í Þingvallasveit,
Árn.

Mánudaginn 18. september

Grafningsréttir í Grafningi

Fimmtudaginn 21. september

Landréttir við Áfangagil, Rang.

Laugardaginn 23. september

Seljalandsréttir undir
Eyjafjöllum, Rang.

Sunnudaginn 24. september

Selvogsréttir í Selvogi, Árn.

Austur-Landeyjaréttir hjá
Grenstanga, Rang.

Vestur-Landeyjaréttir við
Forsæti, Rang.

Heimild: Bændablaðið.

prentmet
heildarlausnir í prentun
Eyravegi 25, 800 Selfoss
Sími 482 1944 - prentmetoddi.is

Sprettur
ÁBURÐUR
Skeljungur
Lúðvík Bergmann, Viðskiptastjóri
GSM: 840 3009

HREINGERINGA-
þjónusta Suðurlands ehf.
Allar ræstingar
Steinteppehreinsun, teppahreinsun,
bón, gluggahreinsun o.fl.
Sími 897 8444
Freint um allt Suðurland

BRÁÐ AF
VINATTU!
Fæst hjá
BYKO Selfossi

expert
kæling
Sími 660 2970
Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápaþvöðgerðir - Almennar raflagnir

800
LAGNIR
ALHLIÐA PÍPULAGNINGA
VERKTAKAR
Eyjolfur - Sími 888 8001
Guðjón - Sími 888 8002
800lagnir@800lagnir.is

Bilasprautun - Bilaréttingar
Bílrúðuskipti
Bilverk BA
Þar sem
fagmennirnir vinna
★★★★★
Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424
bilverkba.is

Lagnabjónustan ehf
Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

HEYRN
HEYRNARÞJÓNUSTA
534 9600
www.heyirn.is

Vinnuvélanámskeið
á netinu!
www.vinnuvelaskolinn.is

FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFÖSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

HREINSITÆKNI
Stíflulosun
Rotþróahreinsun
Vélsópun
Lagnafóðrun
Hellismýri 9, 800 Selfoss
selfoss@hrt.is - Sími 892 2136
www.hrt.is

Tækniþjónusta
Suðurlands ehf.
Selfossi
Sjónvarpskerfi
fyrir hótél og gistihús
Öryggiskerfi
Eftirlitsmyndavélakerfi
Hljóðkerfi
Símkkerfi o.fl.
Sérhæfing - Þekking - Reynsla
Gunnar Vilmundur
Guðmundsson Sigurðsson
Sími 694 4922 Sími 779 6777

VÉLSMIÐJA
SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980
Efnissala
Rennismiði
Innréttingar
Járnsmiði
Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980